


# FRÉTTABRÉF

LANDFRÆÐIFÉLAGSINS



1. tbl.

4. árg.

febrúar

1988

Ábm.: Magnús Guðmundsson

## ÁNÆGJA ÍBÚA

Síðastliðinn vetur hélt Ásta M. Urbancic erindi hjá Landfræðifélaginu um Master verkefni sitt sem fjallaði um „Ánægju íbúa í Árbæjarhverfi og Breiðholti“.

Ásta stundaði framhaldsnám í University of Maryland og er nú að vinna að doktorsnámi. Til fróðleiks fyrir þá sem ekki gátu hlustað á fyrirlestur Ástu fer hér á eftir úrdráttur úr verkefninu. Auk þess kom í október 1987 út skýrsla hjá Borgarskipulagi Reykjavíkur eftir Ástu er nefnist „Mat á skipulagi Árbæjar og Breiðholtshverfa, mat íbúa“.

### Úrdráttur

Enskur titill : Residential Satisfaction in Reykjavík, Iceland:  
A study of Arbæjarhverfi and Breiðholt.

Íslenskur titill : Ánægja íbúa í Árbæjarhverfi og Breiðholti.

Ritgerðin fjallar um ánægju íbúa í tveim úthverfum í Reykjavík. Skoðanakönnun var gerð með spurningalista í Árbæjarhverfi og Breiðholti til þess að athuga ánægju íbúa með húsnæði þeirra og umhverfi miðað við tegund húsnæðis, eignarhald, stærð íbúðar og lengd búsetu. Einnig var ánægja athuguð með tilliti til átta félagslegra og lýðfræðilegra þátta, það er aldurs, kyns, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar, lífsskeiðshóps, menntunar, starfs og tekna. Að auki var sambandið milli ánægju og viðhorfs til nágretta og hversu þétt íbúum fannst þeir búa bæði innan og utan íbúðarinnar athugað. Að lokum var gerð aðhvarfsgreining til þess að leiða í ljós hvaða þættir geta best sagt fyrir um ánægju íbúa með umhverfi sitt.

Ritgerðin leiddi í ljós að íbúar voru almennt ánægðir með umhverfi sitt og húsnæði. Ánægðustu íbúarnir voru þeir sem bjuggu í einbýlishúsum, þeir sem áttu húsnæði sitt sjálfir og þeir sem bjuggu í stórum íbúðum eða húsum. Ekkert samband var milli ánægju og lengdar búsetu. Íbúum sem fannst nágrennan þeirra vera vingjarnlegir, samvinnuþýðir og hafa svipaðann lífsstíl og þeir sjálfir, og þeim fannst þeir hafa nóg pláss og meira en nóg pláss fyrir sig og fjölskyldu sína og voru líklegir til að vera ánægðir. Tölfræðilega marktækt samband var milli ánægju eftir hjúskaparstöðu, lífsskeiðshóp og tekjum.

Módel, sem segir fyrir um ánægju íbúa með húsnæði sitt samanstandur af fjórum breytum, hvort íbúum fannst þeir búa í þröngbyli, hvort þeim fannst nágrennan þeirra hafa svipaðan lífsstíl og þeir sjálfir, hversu vingjarnlegir þeim fannst nágrennan þeirra vera og starfi svaranda. Módel, sem segir til um ánægju íbúa með umhverfi sitt sem samanstandur af fimm breytum, hversu þétt þeim fannst hverfið vera byggt og fjórum breytum sem lýsa viðhorfum þeirra til nágrennanna.

## FOSSVOGUR SKIPULAG Á ÚTIVISTARSVÆÐI

Verkefni þetta sem var kynnt á fræðslufundi Landfræðifélagsins 5. nóv. s.l. var lokaverkefni undirritaðs við landslagsarkitektadeildina í háskólanum í Guelph í Kanada.

Eins og mönnum er kunnugt þá hafa umræður um framtíð Fossvogsdalsins staðið yfir í 20 ár. Á þeim tíma hafa ýmsar vegtæknilegar athuganir verið gerðar en hins vegar hefur skort á að útivistargildi hans væru gerð skil, en sú staðreynd var einmitt kveikjan að þessu verkefni.

Þessu verkefni var ætlað að kanna landkosti dalsins og athuga hvornig þeir gætu sem best nýst fyrir fjölbreytta útivistarstarfsemi. Megin markmið verkefnisins voru eftirfarandi :

- \* að vernda viðkvæm svæði
- \* að nýta náttúruminjar til umhverfisfræðslu, án þess að spilla þeim
- \* að bjóða upp á íþróttastarfsemi (utan félagasamtaka)
- \* að gera dalinn aðgengilegan fyrir aðliggjandi íbúðarhverfi og jafnframt íbúa höfuðborgarsvæðisins

Í þessum údrætti er ætlunin að staldra aðeins við einn þátt en það er sú aðferðarfræði sem var notuð. Áþekkur vinnuferill er viðhafður við skipulag á stærri útivistarsvæðum í Kanadískum borgum, en hér hefur hann verið aðlagður íslenskum aðstæðum og staðháttum í Fossvogsdal.

Í stuttu máli þá byggir hún á könnun og greiningu á náttúrufarslegum og manngerðum forsendum (landhalli, jarðfræði, veðurfar, vatnsbúskapur, gróðurfar, fuglalíf, landnotkun, umferð, lagnir, sjónrænir þættir og saga).

Fyrsta skrefið til að draga niðurstöðu af þessari greiningu er flokkun á mismunandi landslags einingum ("landscape units"). Hér er átt við að einsleit landsvæði eru afmörkuð, en þeir þættir sem mest vægi höfðu voru landhalli, gróðurfar og landnotkun. Í samræmi við það var dalnum skipt niður í mismunandi landslagseiningar.

Samhliða var gerð markaðs og íbúðarfræðileg könnun þar sem litið var á þá útivistarstarfsemi, sem boðið er upp á á höfuðborgarsvæðinu og í framhaldi af því þarfir fyrir nýja miðað við mismunandi aldurshópa. Að svo komnu máli var hægt að meta ólíka útivistarstarfsemi eftir því hve mikla röskun hún hefði á landið og að skipta athugunarsvæðinu eftir „útivistarþörf“ (Recreational Zoning Suitability).

Þar með var hægt að velta upp mismunandi kostum sem leiddi til ákveðis valkosta sem grundvallaði þá skipulagshugmynd sem dregin var upp.

Yngvi Þór Loftsson

## Í FRAMHALDI AF ÚTKOMU NÝRRAR NÁMSSKRÁR FYRIR FRAMHALDSSKÓLA

Ný námsskrá fyrir framhaldsskóla, sem kom út síðastliðið vor, var ætluð sem rammi utan um kennslu á þessu skólastigi. Síðan var ætlunin að hver skóli gerði sérstaka námsskrá byggða á henni, sem tilgreindi hvaða nám hann byði upp á. Í haust hafa þessar skólanámsskrár smám saman verið að koma út. Þrátt fyrir að undirritaður hafi ekki flett nema nokkrum þeirra virðist mega draga ýmsar ályktanir af þeim með hliðsjón af kennslu í landafræði :

a) Ljóst er að ekki hafa allir framhaldsskólar sem byggja á annakerfi tekið upp þær áfangalýsingar sem þar er að finna, þó að flestir hafi gert það. Þetta á við um landafræði eins og aðrar greinar.

b) Gagnstætt við óskir margra skólamanna virðist fremur lítið val vera á flestum brautum í þessum námsskrám. Jafnvel þó val sé fyrir hendi er það í flestum tilvikum stýrt, þ.e.a.s. bundið við ákveðna grein.

c) Í fljótu bragði virðist happa og glappa aðferðin hafa ráðið því á hvaða brautum landafræði er kennd, sem hugsanlega má rekja til tvenns : Annað hvort eru fáir landfræðingar við kennslu í framhaldsskólum eða þeir sem réðu ferðinni hafi lítinn skilning á því hvað hún yfir höfuð snýst um.

Ljóst er í framhaldi af þessu er full ástæða er til að landfræðikennarar í framhaldsskólum haldi vöku sinni. Það er langt frá því að greinin hafi náð fótfestu í framhaldsskólum landsins þó að nokkrar áfangalýsingar hafi komist inn í nýju námsskrána.

Þó slíkt liggi ekki fyrir á þessari stundu er mjög líklegt að nýja rammaskráin fyrir framhaldsskólana verði endurskoðuð innan fárra ára. Áður en að því kemur er mikilvægt að landfræðikennaravelti vel fyrir sér nokkrum spurningum :

- 1) Er ástæða til að breyta áfangalýsingum í greininni eins og þær eru í námsskránni.
- 2) Er ástæða til að fækka eða fjölga áföngum. Í því sambandi má nefna að í nokkrum námsskrám skóla er boðið upp á mjög marga áfanga t.d. í sögu, félagsfræði og ýmsum öðrum greinum.
- 3) Hvernig á að taka á þeim vandamálum sem upp geta komið varðandi skiptingu greinarrinnar í samfélags- og raungrein ? Þegar hafa komið upp slík vandamál varðandi LAN 103. Á að skipa greininni annað hvort alfarið á bekk með samfélagsgreinum, raungreinum eða skipta henni á milli beggja ? Ef fyrrnefndi kosturinn er valinn þá er spurning hvort ekki sé ástæða til að breyta áfangalýsingunum í samræmi við það.

Forsenda þess að landfræðin nái einhverri fótfestu í framhaldsskólunum er aukið framboð á kennsluefni í greininni. Er þá átt við kennslubækur, sem sérstaklega eru sniðnar með þetta skólastig í huga, þ.e.a.s. með viðeigandi spurningum og verkefnum. Ýmislegt bendir til þes að innan fárra ára verði kominn nokkuð góður vísir að slíku kennsluefni.

Naudsynlegt er að landfræðingar hafi góða samvinnu sín á milli varðandi sameiginlega stefnumörkun í greininni í framhaldsskólum. Mikilvægt er að þeir láti í sér heyra hvað snertir kennsluefni sem fram kemur og miðli reynslu sín á milli. Landfræðifélagið er eðlilegur grundvöllur slíkra skoðanaskipta. Helsti ókosturinn er hins vegar sá að kennarar í greininni eru dreifðir um allt land og eiga því ekki eins heimangengt. Því er nauðsynlegt að efla Fréttabréf félagsins og hvetja kennara til að skrifa í það.

Ekki er nóg að kennarar skrifi gott námsefni og miðli reynslu og skoðunum sín á milli. Kynna verður sjónarmið þeirra og námsefni í greininni í skólum og á sameiginlegum vettvangi kennara, t.d. í Nýjum Menntamálum. Landfræðikennarar hafa of lengi verið aðgerðarlausir í þeim efnum. Það er reynsla undirritaðs, að það sé nokkur munur á skólum á Stór-Reykjavíkursvæðinu og utan þess hversu mikill áhugi er á greininni. Áhuginn virðist vera meiri úti á landi og því þarf að breyta hið fyrsta. Fjölmennustu skólarnir eru á Reykjavíkursvæðinu og þar með stærsti markaðurinn fyrir kennsluefni.

Ýmislegt í þessum heimi virðist ganga í bylgjum þegar til lengri tíma er litið. Ef skoðaðar eru þær bækur sem út hafa komið á síðustu árum á almennum markaði eru margar þar á meðal sem beint eða óbeint tengjast landfræði. Má þar nefna bókaflokkinn Landið Þitt, útgáfa Máls og Menningar á Times atlasinum, Atlas AB og fleiri bækur. Bendir það til þess að nokkur áhugi sé á landfræði meðal fólks almennt um þessar mundir. Það er nauðsynlegt fyrir landfræðikennara að nýta sér þennan meðbyr sem greinin hefur til frekari dáða. Fyrir skömmu settist undirritaður niður með nýju rammaskrána og velti vöngum yfir því á hvaða brautum kenna bæri einstaka landfræðiáfangana. Hér að neðan má sjá útkomuna, sem greinilega ber draumkenndan blæ. Það sakar hins vegar ekki að af og til að láta í ljós óraunhæfar hugrenningar. Að einhverju marki erum við jú að stefna, sem höfum með höndum kennslu í landafræði í framhaldsskólum.

**Með baráttukveðjum.  
Óttar Ólafsson, Akranesi.**

**Skipan náms í landafræði í framhaldsskólum.**

**ÁFANGAR**

Brautir	LAN 103 Inngangur Lofmyndir & landkort Mannfjöldinn	LAN 113 Náttúru- landfræði	LAN 203 Hagræn landfræði	LAN 223 Þróunar- lönd & umhverfis- mál	LAN 213 Byggð, atvinnuhættir
Búnaðar-	X	X	X		
Eðlisfræði-	X	?			
Félagsfræði-			?	X	
Ferðamála-	X	X	?		X
Fluglíða-	X	X			
Fiskeldis-		X	?		
Fiskvinnslu-		X	X		
Formála-					
Hagfræða-	?	?	X	X	
Heilsugæslu-	X				
Iðnnáms-	?				
Íþróttar-	X	?			
Matarfræðinga-		?	X		
Matarætna-		X			
Mynd & handm-					
Náttúrufræði-	X	X	X		?
Nýmála-	?				
Skipstjórnar-	X	X	X		
Sjúkralíða-	X	?			
Tónlistar-					
Tækni-	X	X			
Tækniáætlun	X				
Tölvu-	X				
Uppeldis-	X	X		X	
Vélstjórnar-					
Víðskipta-	X	?	X	X	
Þjálfunar-		X			

**GERFIHNATTAMYNDIR  
AF  
ÍSLANDI**

Aukin þjónusta Landmælinga Íslands.

Síðastliðin 15 ár hafa gerfihnettir sveimað yfir jörðinni og tekið myndir. Erfitt hefur verið fyrir almenning hér á landi að fá upplýsingar um þessar myndir og hvernig hægt væri að nálgast þær.

Á ráðstefnu um fjarkönnun í Reykjavík 3. mars 1985 og í skýrslu Rannsóknaráðs ríkisins (R.r. 5-'85) komu fram tillögur um hlutverk Landmælinga Íslands í framtíðarskipan fjarkönnunarmála á Íslandi. Landmælingum er ætlað að vera eins konar upplýsingamiðstöð þar sem hægt er að fá upplýsingar um gerfihnattagögn og panta þau.

Til að uppfylla þessar þarfir hefur Á Fjarkönnunardeild L.M.Í. undanfarið verið unnið að því að koma á samböndum við dreifingaraðila gerfihnattagagna erlendis og var gerður samningur við fyrirtæki er nefnist Eurimage og sér það um markaðssetningu Landsat-gagna.

Auk þess hafa Landmælingar Íslands gengið í EARSel sem eru samtök evrópskra fjarkönnunarstofa. L.M.Í. geta nú útvegað Landsat myndir, auk þess er stofnunin áskrifandi að ýmsum tímaritum á þessu sviði og getur veitt upplýsingar um aðrar gerfihnattamyndir t.d. SPOT og SEASAT.

**LANDSAT 4 og 5  
Gerfihnattamyndir af Íslandi**



Landsat gerfihnattaáætlunin hefur verið í gangi frá árinu 1972. Fyrstu þremur hnöttunum, Landsat 1, 2 og 3 var skotið á loft á tímabilinu frá 1972-1978. Í júlí 1982 var Landsat 4 skotið á loft, en sá hnöttur er af annarri tegund Landsat hnatta. Landsat 5 var síðan skotið á loft í mars 1984. Á 16 dögum eru teknar myndir sem ná að sýna alla jörðina.

Til viðbótar við MSS ( multi spectral scanner system ) sem nemur endurkast sólarljóssins frá jörðinni á fjórum bylgjum, hafa Landsat 4 og 5 fullkominn skanna með sjö bylgjusviðum sem kallaður er „thematic mapper“ (TM). Þessi skanni er næmari á útgeislun jarðar og hefur meiri greinihæfni en MSS-skanninn. MSS-skanninn og „thematic mapper“ eru samstilltir þannig að þeir taka mynd af nákvæmlega sama svæðinu beint undir hnettinum og á hverri braut er myndað 185 km. breitt belti á jörðu.

Upplýsingakerfi um Landsat myndir er byggt þannig upp að hvert svæði hefur tvö númer, annað fyrir brautina (path) og hitt fyrir númer (row) myndar á brautinni. Hver mynd sýnir allt að 185x185 km. svæði á jörðu og er Landsat 4 og 5 kerfið með 233 brautum og 119 númerum á hverri braut. Landsat 1,2 og 3 tóku myndir eftir 251 braut og 119 númerum á hverri þannig að ekki er um nákvæmlega sama númerakerfi að ræða.

Hver MSS mynd er byggð upp af myndeiningum (pixels) og er stærð minnsta fyrirbæris sem er greinanlegt á jörðinni 79x56 metrar. Á hverri TM mynd er stærð minnsta greinanlega fyrirbæris á jörðinni um 30x30 metrar.

# Brautir Landsat 4 og 5 yfir Island og Grænland



## LANDSAT DAGATAL 1988

Brautir LANDSAT - hnattarins yfir Íslandi eru frá 222 (vestast) til 216 (austast)

Brautirnar og þar með myndirnar skarast allmikið.

Meðfylgjandi dagatal sýnir þá daga sem Landsat 5 er yfir hverri braut 1988.

	222	221	222	219	218	217	216
JANÚÁR	05,21	14,30	07,23	16	09,25	02,18	11,27
FEBRÚAR	06,22	15	08,24	01,17	10,26	03,19	12,28
MARS	09,25	02,18	11,27	04,20	13,29	06,22	15,31
APRÍL	10,26	03,19	12,28	05,21	14,30	07,23	16
MAÍ	12,28	05,21	14,30	07,23	16	09,25	02,18
JÚNÍ	13,29	06,2	15	08,24	01,17	10,26	03,19
JÚLÍ	15,31	08,24	01,17	10,26	03,19	12,28	05,21
ÁGÚST	16	09,25	02,18	11,27	04,20	13,29	06,22
SEPT	01,17	10,26	03,19	12,28	05,21	14,30	07,23
OKT	03,19	12,28	05,21	14,30	07,23	16	09,25
NÓV	04,20	13,29	06,22	15	08,24	01,1	10,26
DES	06,22	15,31	08,24	01,17	10,26	03,19	12,28

## Fundur um ferðamá l

Félag Landfræðinga stóð fyrir fundi um ferðamá l í Skólalabæ við Suðurgötu þann 27. október 1987.

Nokkrir landfræðingar sem starfa á þessu sviði héldu framsöguerindi og var þar komið víða við. Almennir virðast landfræðingar vera vel undir búnir til að láta til sín taka á þessum málum og var m.a. lögð fram tillaga um að innan landfræðiskorar Háskóla Íslands verði komið á fót „Ferðapjónustunámi“ í víðustu merkingu þess orðs.